



Siðareglur Félags íslenskra landslagsarkitekta Samþykkt á félagsfundum 15. október 2002.

Félagsmönnum í Félagi íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA ber að kynna sér og hlýta lögum er varða starfsgrein þeirra og viðskiptahætti, sem og lögum félagsins og siðareglum þessum. Þeir skulu ávallt sýna umhverfinu fyllstu virðingu, vinna í samræmi við samþykktir um sjálfbæra þróun og stuðla að fögru og góðu mannlífi. Félagsmenn skulu sýna drengskap í starfi, temja sér vönduð og fagleg vinnubrögð, rækja góða félagslund og vinna að framgangi fagsins.

1. Skyldur við viðskiptavinum

1.1. Landslagsarkitekt skal þjóna hagsmunum viðskiptavina sinna, svo fremi það stríði ekki gegn faglegri sannfæringu hans eða siðareglum þessum. Hann skal leysa sérhvert viðfangsefni af bestu getu og faglegri sannfæringu. Honum ber að vinna störf sín óháð persónulegum skoðunum eða hagsmunum, sem snerta ekki verkefnið sjálft.

1.2. Landslagsarkitektar skulu leitast við að vera metnir af störfum sínum og verk-gæðum fyrst og fremst. Í auglýsingum og kynningarstarfi skal landslagsarkitekt ekki veita rangar eða misvísandi upplýsingar. Honum er óheimilt að afla sér viðskipta með aðferðum sem eru ósanngjarnar gagnvart viðskiptavinum og öðrum landslagsarkitektum.

1.3. Landslagsarkitekt ber að aðstoða viðskiptavinum við nákvæma skilgreiningu á því verkefni sem honum er falið. Hann skal leitast við að gera viðskiptavinum grein fyrir áætluðu umfangi verksins, raunhæfri verk- og tímaáætlun sem og kostnaði sem verkinu fylgir.

1.4. Landslagsarkitekt skal við skilgreiningu verkefnis leitast við að gera fulla grein fyrir þeim verkþáttum sem hann ber ábyrgð á og tengslum þeirra við aðra verkþætti sem tengjast verkinu.

1.5. Landslagsarkitekt er bundinn þagnarskyldu vegna upplýsinga sem hann hefur undir hendi frá verkkaupa nema um annað sé samið. Hann skal ekki ræða á opinberum vettvangi um einstök verkefni sem hann hefur til úrlausnar, án samþykkis verkkaupa. Hinsvegar er heimil málefnaleg umfjöllun um verkefni, sem lokið er og hafa faglega eða fræðilega þýðingu, t.d. á fagráðstefnum og í fræðitimaritum. Í slíkri umfjöllun skal virða rétt viðskiptavinar og gæta nafnleyndar þar sem við á.

1.6. Landslagsarkitekt skal ekki taka þóknun eða fríðindi fyrir þjónustu vegna einstakra verkefna, frá fleiri en einum aðila, nema með samþykki viðskiptavinar.

1.7. Landslagsarkitekt í opinberri stöðu má ekki misnota aðstöðu sína til að útvega sjálfum sér eða öðrum verkefni eða persónuleg fríðindi.

1.8. Landslagsarkitekt skal ekki reyna að hafa áhrif á niðurstöður í samningsgerð við opinbera aðila, eða fulltrúa væntanlegs viðskiptavinar með því að gefa, lána eða lofa þóknun eða einhverju sem hefur verð- eða hagsmunagildi fyrir viðkomandi aðila.

1.9. Félagsmenn eru hvattir til að gæta höfundarréttar á verkum sínum, sem þeir eiga samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum ákvæðum. Rétturinn er bundinn undirskrift á vinnuskjali. Þóknunin er greiðsla verkkaupa fyrir réttinn til að framkvæma verkáætlunina. Landslagsarkitekt á kröfu á að nafn hans verði getið við birtingu verka hans í samræmi við lög um höfundarrétt. Landslagsarkitekt ber að virða höfundarrétt annarra. Sé þessum ákvæðum ekki fullnægt verður landslagsarkitektinn sjálfur að fylgja eftir máli sínu.

2. Skyldur í starfi

2.1. Landslagsarkitekt ber að leitast við að auka menntun sína og þekkingu m.a. með þátttöku í námskeiðum, ráðstefnum, rannsóknnum og þróunarstarfi er tengist faginu.

2.2. Félagsmenn eru hvattir til að vinna að framgangi fagsins og félagsins með m.a. þátttöku í opinberri umræðu, nefndum, stjórnum, og starfshópum er varða hönnun, umhverfis- og skipulagsmál, bæði innan félags og úti í samfélaginu.



2.3. Landslagsarkitekt sem starfar sem óháður ráðgjafi má ekki láta hafa eftir sér ummæli sem nota má í markaðsstarfi er varðar ákveðnar vörur, byggingarefni og byggingaraðferðir. Þetta á þó ekki við um birtingu á faglega unnum skýrslum og rannsóknnum.

2.4. Landslagsarkitekt sem kjörinn er eða tilnefndur til hvers konar rýnis-, mats-, eða dómsstarfa skal ávallt gæta hlutleysis og víkja sæti við afgreiðslu mála ef ætla má að hann eða aðilar honum tengdir eigi hagsmuna að gæta.

2.5. Landslagsarkitekt skal einungis taka að sér verkefni sem samræmist menntun hans og reynslu. Hann skal ekki ljá nafn sitt eða aðstoð þeim er vilja stunda störf landslagsarkitekta án tilskilinnar menntunar frá viðurkenndri menntastofnun.

2.6. Landslagsarkitekt skal veita viðskiptavinum og/eða vinnuveitanda réttar upplýsingar um hæfni sína, getu og reynslu. Landslagsarkitekt skal ekki eigna sér heiðurinn af verkum sem unnin eru undir stjórn vinnuveitanda umfram þátttöku hans í verkunum. Sömuleiðis á landslagsarkitekt sem launþegi rétt á að njóta heiðurs af störfum sínum í þágu vinnuveitanda við opinbera upfjöllum.

Landslagsarkitekt sem ræður annan félagsmann til starfa ber að sjá til þess að hann fái greinargott og sanngjarnt yfirlit yfir helstu verk sem hann hefur tekið virkan þátt í, sem og umsögn vinnuveitanda um störf sín.

2.7. Landslagsarkitekt sem vinnuveitandi eða leiðbeinandi annars landslagsarkitekts skal sjá til þess að viðfangsefni hæfi reynslu hans og þekkingu. Landslagsarkitekt sem launþegi skal gæta trúnaðar og hagsmuna vinnuveitandans svo framarlega sem það stríðir ekki gegn faglegri sannfæringu hans og siðareglum þessum. Landslagsarkitekt sem launþegi á rétt á því að nafn hans komi fram á verkum sem hann hefur tekið virkan þátt í að móta.

3. Skyldur við starfssystkini og aðra fagaðila

3.1. Landslagsarkitektar skulu virða verk starfssystkina sinna sem og annarra fagaðila er koma að skipulagsmálum, hönnun og framkvæmdum, og skulu láta í ljós réttmæta viðurkenningu á starfi þeirra.

3.2. Landslagsarkitektar mega einungis gagnrýna störf annarra félaga á rökstuddan og málefnalegan hátt og skulu forðast að valda viðkomandi álitshnekki umfram það sem tilefni er til. Skoðanaskipti félagsmanna skulu vera fagleg og trú viðfangsefninu. Innbyrðis samkeppni þeirra skal fara fram á drengilegan hátt.

3.3. Landslagsarkitekt má ekki reyna að draga til sín verkefni sem annar landslagsarkitekt hefur lokið samningi um, eða á í samningum um.

3.4. Ef landslagsarkitekt er beðinn um að taka við eða breyta verki annars landslagsarkitekts eða skylds fagaðila, skal hann tilkynna viðkomandi það skriflega svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna.

3.5. Landslagsarkitekt skal ekki taka við verkefni annars landslagsarkitekts fyrr en gengið hefur verið frá uppgjöri við fyrri aðila og samningum lokið með eðlilegum hætti.

3.6. Við notkun á vinnugögnum annarra skal ávallt geta höfundar.

3.7. Landslagsarkitekt skal ekki fjölfalda uppdrætti eða annað efni annarra landslagsarkitekta eða fagaðila á hönnunarsviði án samþykkis höfundar.

4. Meðferð ágreiningsmála

4.1. Til að framfylgja framanskráðum siðareglum skipar stjórn FÍLA siðanefnd sér til ráðgjafar samkvæmt lögum félagsins. Siðanefnd skal skipuð þremur félagsmönnum. Nefndarmenn eru kosnir á aðalfundi FÍLA til tveggja ára í senn. Komi til vanhæfis nefndarmanns skipar stjórn varamann í hans stað. Nefndin skiptir með sér verkum og skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru fundargerðir og afgreiðsla mála. Stjórn FÍLA setur nefndinni verklagsreglur.

4.2. Stjórn FÍLA hefur eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt. Hún vísar málum til úrskurðar siðanefndar þegar henni finnst ástæða til. Einstakir landslagsarkitektar, svo og einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir, geta einnig skotið ágreiningsefnum eða álitamálum beint til úrskurðar nefndarinnar. Kjósi landslagsarkitekt að vekja athygli siðanefndar á hugsanlegu broti annars landslagsarkitekts á siðareglum þessum getur hann óskað nafnleyndar og þar með fríað sig frá frekari þátttöku í afgreiðslu málsins, svo fremi sem hann tengist því ekki sjálfur.

4.3. Ef einhver nefndarmanna telst vanhæfur skal hann víkja sæti og varamaður skipaður í hans stað. Það sama á við um stjórnarmenn FÍLA er kærúmál kemur til afgreiðslu stjórnar.



4.4. Landslagsarkitekt er skylt að boði siðanefndar að gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu út af meintu broti eða ágreiningi um skilning á reglum þessum. Ber honum í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum siðanefndar.

4.5. Ágreiningur um skilning á reglum þessum sætir úrskurði siðanefndar.

4.6. Í úrskurði eða álitum siðanefndar skal aðeins geta nafna viðkomandi aðila ef nefndin telur það nauðsynlegt.

4.7. Stjórn FÍLA getur veitt einstökum landslagsarkitektum áminningu fyrir brot á reglum þessum. Láti félagi sér ekki segjast getur stjórn FÍLA vikið honum tímabundið úr félaginu. Ævarandi brottrekstur tekur þá fyrst gildi er tillaga um hann hefur verið samþykkt á aðalfundi.

Framanskráðar siðareglur má ekki skoða sem tæmandi um gott háttætti landslagsarkitekta.

Heimildir

Samþykkt um störf FÍLA félaga, 1998.

Lög félags Íslenskra landslagsarkitekta, 1998.

ASLA code and guidelines for professional conduct, apríl 1999.

FDL Vedtægt for landskabsarkitektvirksomhed, mars 1986.

NLA

Siðareglur Verkfræðingafélags Íslands VFÍ, mars 1993

Siðareglur AÍ, samþykkt um störf Arkitekta, nóvember 1997.

Siðareglur, Sigurður Kristinnsson, Rannsóknarstofnun í Siðfræði, 1991.

Samkeppnislög og reglur

Fundir með Samkeppnisstofnun

ICC International Code for Advertising Practice, 1997

ICC International Code of Direct Marketing (1998)

24.09.99/ 14.10.99/ 19.10.99/ 18.11.99/ 11.10.02

Endurskoðað og breytt af siðanefnd FÍLA 2002 Samþykkt á félagsfundi 15. október 2002

Þráinn Hauksson

Fríða Björg Eðvarðsdóttir

Gísli Gíslason

Verklagsreglur siðanefndar

1. Siðanefnd ber að hraða afgreiðslu mála eins og kostur er.
2. Siðanefnd skal boða deiluaðila til fundar með formlegum hætti og leita sátta. Takist það ekki, gerir nefndin tillögu að málamiðlun.
3. Sé ágreiningur um málsatvik, sem úrskurð verður að reisa á, skal vísa máli frá.
4. Siðanefnd lítur á öll mál sem henni berast sem trúnaðarmál.
5. Siðanefnd ber að vera hlutlaus og gæta hagsmuna allra félagsmanna.
6. Siðanefnd vinnur sjálfstætt og án afskipta stjórnar félagsins. Á meðan mál er í umfjöllun nefndarinnar ber henni ekki skylda til að upplýsa um framvindu þess.
7. Siðanefnd getur leitað ráðgjafar annarra fagfélaga og sérfræðinga. FÍLA ber kostnað af störfum nefndarinnar, þar með talið lögfræðiaðstoð, ef þörf krefur.



8. Siðanefnd afgreiðir úrskurð sinn til stjórnar félagsins í formi greinargerðar. Siðanefnd úrskurðar um hvort félagsmaður hafi gerst brotlegur við siðareglurnar eða ekki og hvort brot telst ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt.

9. Siðanefnd sendir niðurstöður sínar til stjórnar FÍLA, sem kynnir þær fyrir félagsmönnum í málgagni félagsins eða á félagsfundi.

10. Siðanefnd heldur gjörðabók og færir í hana ferli mála og úrskurði sína. Fundargerðir siðanefndar eru trúnaðarmál nefndarinnar og stjórnar félagsins.

